


OECD *Multilingual Summaries*

OECD Employment Outlook 2011

Summary in Icelandic



Horfur í atvinnumálum OECD 2011

Útdráttur á íslensku

- OECD Horfur í atvinnumálum er árleg skýrsla OECD um stöðu vinnumarkaða og atvinnumála um allt OECD svæðið.
- Útgáfa skýrslunnar fyrir árið 2011 veitir yfirlit yfir ástand vinnumarkaðsins í kjölfar fjármálakreppu og efnahagslæðar. Þó atvinnuleysi í heild hafi minnkað frá því sem það var mest í kreppunni þá er það mjög hátt í mörgum löndum, einkum hjá viðkvæmum hópum svo sem ungu fólki sem býr við þröngan kost. Þrátt fyrir fjárhagslega erfiðleika er mjög mikilvægt að bregðast við á fullnægjandi hátt til að vinda ofan af miklu atvinnuleysi.
- Efnahagskreppan 2008-9 var mikið „álagspróf“ fyrir félagslegt öryggisnet í OECD löndum. Horfur í atvinnumálum bendir á mikilvæga ágalla í stuðningi við tekjur til atvinnulausra. Meðal þess sem læra má af kreppunni er að hugsanlega séu sterk rök fyrir því að lengja gildistíma atvinnuleysisbóta í alvarlegri kreppu, einkum í löndum þar sem þessar bætur gilda í tiltölulega skamman tíma og aðgangur langtíma atvinnulausra að bótum „sem neyðarráðstöfun“ er takmarkaður.
- Útgáfa skýrslunnar fyrir 2011 bendir einnig á áætlanir um félagslega aðstoð hjá hagkerfum sem eru í þróun og hvernig hægt er að haga þeim þannig að þær vinni ekki gegn tilraunum til að efla atvinnu. Ýtarlegt mat á atvinnuleysisstryggingum í Brasilíu, fjármagnsflutningi í Suður-Afríku og heilsuvernd í Mexíkó sýna að sé aukning á félagslegri aðstoð vel skipulögð hjá hagkerfum í þróun getur einnig stuðlað að betri niðurstöðum á vinnumarkaði.
- Útgáfan fyrir 2011 sýnir að margir starfsmenn í OECD löndum verða fyrir miklum sveiflum í atvinnutekjum frá ári til árs. Ef tekjur einstaklinga lækka eykur það hættuna á fátækt á heimilum og fjárhagsleg um vandamálum en þrepaður tekjuskattur og örlátar atvinnuleysisbætur verða til að draga úr áhrifum óstöðuglegra tekna á velferð heimilanna. Atvinnuvernd getur dregið úr skammtíma áhrifum skyndilegra þjóðhagslegra áfalla á atvinnu og tekjur. Á hinn bóginn geta strangar reglur um uppsögn tengst við tvískinningu á vinnumarkaði og þurfa stefnumótandi aðilar því að finna hvar jafnvægið er milli þeirra mismunandi áhrifa sem reglur um brottvísun úr starfi geta haft.
- Horfur í atvinnumálum sýna að um einn á hverjum fjórum starfsmönnum innan OECD voru ofmenntaðir fyrir starf sitt en rétt rúmlega einn af hverjum fimm var hafði hlotið ófullnægjandi menntun. Misræmi í menntun þarf ekki að merkja að raunverulegt misræmi sé milli þeirrar hæfni sem starfsmenn búa yfir og þeirrar sem vinnumarkaðurinn kallar á. Þrátt fyrir það telja um 40% ofmenntaðra starfsmanna að þeir búi yfir hæfni sem geri þeim kleift að takast á við meira krefjandi verkefni í starfi. Þessi niðurstaða og aðrar nýstárlegar niðurstöður af rannsóknum mynda grunn fyrir betri skilning á því hlutverki sem menntakerfi, símenntunarstofnanir og stefnumótun á vinnumarkaði geta leikið í að tryggja að starfsmenn afli sér þeirrar hæfni sem vinnumarkaðurinn þarfnast og að þessi hæfni sé sem best aðlöguð að hentugustu störfunum.

VERKEFNI SEM ER ÓLOKIÐ: FJÁRFESTING Í UNGU FÓLKI

Nauðsynlegt er að efla atvinnutækifæri en einnig er þörf á aðgerðum til að takast á við vandamál sem tengjast heildarskipulagningu vinnumarkaðarins

Eitt helsta svarið við langtíma atvinnuleysi er að efla hagvöxt á áhrifaríkan hátt sem leiðir til aukinna atvinnutækifæra. Þó kann það ekki að vera nægilegt til að takast á við forsögu af töpuðum tækifærum sem voru til staðar fyrir kreppuna, þegar mistókst að draga úr ójafnræði, bæði varðandi tekjur og aðgengi að vel launuðum og verðmætum störfum, jafnvel þótt efnahagsástandið hafi þá verið styrkara. Reyndar hefur þetta ójafnræði jafnvel aukist enn meir, eins og kemur fram í væntanlegu framhaldi á skýrslu OECD, Fer ójafnræði vaxandi? frá árinu 2008.

Sumt ungt fólk er í mikilli hættu á að verða aðskilið frá vinnumarkaðnum og þessi hættu jókst enn í kreppunni.

Sérstaka áherslu þarf að leggja á að gera varanlegar endurbætur á vinnumarkaðnum til handa ungu fólki sem varð hlutfallslega verst úti í kreppunni (eins og fram kemur í 1. kafla þessarar skýrslu). Á fyrsta ársfjórungi 2011 var atvinnuleysi ungs fólks (15-24 ára) 17,4% á OECD svæðinu í samanburði við 7% hjá fullorðnum (25 ára eða eldri).

En þessar upplýsingar um atvinnuleysi ungs fólks sýna aðeins hluta af myndinni af þeim erfiðleikum sem ungt fólk á við að etja á atvinnumarkaði. Í almennara tilliti þá er sá hópur ungs fólks sem er hvorki með atvinnu né er námi eða starfsþjálfun (svokallaður NEET hópur, not in employment, education or training), er í mikilli hættu á að verða jaðarhópur og útilokaður frá vinnumarkaðnum, einkum eftir því sem hann er lengur án atvinnu. Á 4. ársfjórðungi 2010 var þessi hópur 12,6% af öllu ungu fólki á aldrinum 15-24 ára í þeim 30 löndum innan OECD sem gögn lágu fyrir um, en það er aukning úr 10,6% frá því árið 2008. Þetta merkir að innan hóps ungs fólks, sem er 22,8 milljónir talsins, séu 14,6 milljónir óvirkar og ekki í námi og 7,7 milljónir sem eru atvinnulausar.

Hvað varðar hægan bata á sviði atvinnutækifæra, þá er tiltölulega stór og vaxandi hópur ungs fólks sem jafnvel hefðu fundið störf þegar aðstæður voru betri, í hættu á að lenda í langvarandi atvinnuleysi eða aðgerðaleysi sem kann að hafa langvarandi neikvæð áhrif á starfsferil þeirra. Þessar hættur eru meðal annars langvarandi vandamál við að finna atvinnu og varanlegur mismunur í tekjum miðað við jafnaldra þeirra. Meiri líkur á að ungt fólk sem er að ljúka námi á næstu árum eigi í vandræðum með að finna starf heldur en fyrri kynslóðir.

Mikill leit hefur verið gerð að leiðum til að vinna gegn útilokun ungs fólks frá vinnumarkaðnum en engar einfaldar lausnir eru til staðar...

Vandamálið sem sumir hópar ungs fólks þurfa að glíma við, sem er slæmar horfur á vinnumarkaði, er ekki nýtt af nálinni og stjórnvöld hafa tekist á við það um árabíl. Reyndar hafa málefni ungs fólks verið síendurtekið viðfangsefni í umfjöllun OECD um stefnumótun í atvinnumálum síðastliðin 50 ár.

Það sem greinilega hefur komið í ljós í þessu starfi er að ekki eru til neinar einfaldar lausnir til að tryggja að ungt fólk geti fótad sig með góðum árangri á vinnumarkaði. Í sumum löndum er unnið betra starf en annars staðar en þau standa öll frammi fyrir þeim vanda að takast á við þrálátan hóp ungs fólks sem býr við þá hættu að útilokast frá vinnumarkaðnum. Óflugra starf við sköpun nýrra atvinnutækifæra er lykilatriði í sambandi við lausnina en kemur ekki öllu ungu fólki til góða nema til komi aðrar aðgerðir. Skýrsla OECD, árið 2010 Upphaf að nýrri byrjun? Atvinna fyrir ungt fólk, þar sem dregnar voru saman helstu niðurstöður af yfirlitum 16 ríkja, benti á fjölmargar góðar lausnir til að stuðla að því að ungt fólk nái að fóta sig á framabrotinni.

Í meginatriðum er bent á tvenns konar helstu leiðir sem fara þarf til að takast á við annars vegar undirliggjandi, kerfislægar hindranir fyrir betri innkomu ungs fólks á vinnumarkaðinn og hins vegar fjölgun meðal ungs fólks sem er hvorki í skóla né hefur atvinnu, sem varð af völdum kreppunnar.

Gera þarf ráðstafanir til að takast á við kerfislæg vandamál...

Í fyrsta lagi þarf að gera ráðstafanir í stefnumótun til að sigrast á því að mistekist hefur í langan tíma að veita öllu ungu fólki betri tækifæri á vinnumarkaðnum. Byrja þarf með „fyrirbyggjandi“ aðgerðum til að efla menntun og umsjá barna snemma ævinnar, einkum hjá börnum foreldra með lágar tekjur og sem búa við erfiðar félagslegar aðstæður. Til þess að aðgerðirnar komi að fullum notum þarf að halda þeim virkum meðan á skyldunámi stendur. Þetta ætti að draga úr hættunni á að ungt fólk falli frá námi.

Ásamt þessum aðgerðum þarf að leita leiða til að finna betra samræmi milli þeirrar hæfni sem fæst við skólagöngu og þess sem krafist er á vinnumarkaði. Eins og kemur fram í 4. kafla þessarar útgáfu er umtalsverður fjöldi ungra starfsmanna ofmenntaður fyrir starf sitt, enda þótt þetta hlutfall komi til með að lækka með auknum aldri. Tilraunir til að draga úr ósamræmi í hæfni krefjast þess að menntakerfið geti brugðist betur við breyttum hæfniskröfum og bjóði upp á meira úrval menntunartækifæra, til dæmis með því að gefa kost á betri möguleikum á starfsmenntun og þjálfun.

Í síðasta lagi þarf einnig að fjarlægja hindranir sem eru í vegi fyrir atvinnu ungs fólks. Einkum geta mjög lagskiptir vinnumarkaðir, sem eru afleiðing af of mikilli reglusetningu varðandi fasta ráðningarsamninga, merkt að styttri starfssamningar við upphaf atvinnu virki ekki sem stökkpallur upp að stöðugri atvinnu og í staðinn verði allar útgönguleiðir lokaðar. Ef lágmarkslaun eru höfð of há í samanburði við meðallaun geta þau einnig dregið úr áhuga vinnuveitenda á að ráða ungt fólk með minni hæfni og starfsreynslu. Þess vegna hafa sum lönd tekið upp lægri lágmarkslaun fyrir ungt fólk.

Og þrátt fyrir efnahagslegan þrýsting er mjög mikilvægt að eiga nægilegar auðlindir til að halda uppi hagkvæmum aðgerðum við að berjast við hina miklu aukningu í atvinnuleysi ungs fólks...

Næsta meginatriði í stefnumótun þarf að beinast að því að takast á við atvinnuleysi ungs fólks sem átti sér stað í hinni nýafstöðnu efnahags- og fjármálakreppu. Þar sem mörg lönd standa frammi fyrir auknum þrýstingi til að takast á við efnahagslega endurskipulagningu er mikilvægt að ríkisstjórnir veiti forgang hagkvæmum aðgerðum til að endurbæta árangur á vinnumarkaði fyrir ungt fólk. Þannig ætti stefnumótun að beinast að þeim sem verst eru staddir þar með taldir langtíma atvinnulausir og þeir sem eru í mestri hættu á að vera útilokaðir.

Áætlanir um aðstoð við atvinnuleit hafa reynst vera hagkvæmasti kosturinn til að grípa inn í snemma fyrir ungt fólk sem talið er reiðubúið til að fara út á vinnumarkaðinn. Tímabundnar framlengingar á félagslegu öryggisneti geta einnig verið mjög mikilvægar ráðstafanir til að koma í veg fyrir fátækt hjá ungu, atvinnulausu fólki. Eins og gert er grein fyrir í 3. kafla þessarar útgáfu þá eru sveiflur í tekjum sérstaklega miklar hjá ungum starfsmönnum. Í sumum löndum hefur einnig verið komið á launauppbótum til að hvetja vinnuveitendur til að ráða atvinnulaust ungt fólk sem býr yfir takmarkaðri hæfni. Samt þarf að beina þessum launauppbótum markvisst til dæmis til smárra og meðalstórra fyrirtækja eða starfsmenntunarsamninga, til að komast hjá vel þekktum letjandi áhrifum sem eru óhjákvæmilegur fylgifiskur slíkra launauppbóta (þ.e.a.s. ráðningum sem hefðu átt sér stað án uppbóta). Einnig er þörf á því í mörgum löndum að efla tækifæri til „náms og vinnu“ verkefna svo sem námssamninga og annarra tvíhliða verkefna á sviði verkmenntunar og þjálfunar.

Að lokum ætti að beina enn öflugri aðgerðum til úrbóta að þeim ungmönnum sem eru í mestri hættu á að verða félagslegar hornrekur. Þó endurmenntunaráætlanir gætu verkað öfugt fyrir þessi ungmenni þá geta þjálfunarverkefni sem kennd eru utan hefðbundinna skóla ásamt reglulegum aðgangi að tímabundinni starfsreynslu og umsjá fullorðinna oft verið betri aðgerðir til að aðstoða þetta unga fólk sem er komið út úr tengslum við samfélagið.

Fjárfesting í ungu fólki er lykilmargmið í stefnumótun til að ná fram betri árangri til langs tíma á sviði efnahags- og félagsmála.

Eitt lykilmargmiðið ætti að vera að fjárfesta í ungu fólki og gefa því betri möguleika á betri byrjun á atvinnumarkaði. Annars er hættu á að sá harði kjarni ungs fólks, sem er skilinn eftir og sér fram á slæmar atvinnuhorfur og tekjumöguleika, festist í sessi eða eflist enn meir. Með tilliti til þess að meðalaldur íbúa OECD landa

fer stöðugt hækkandi þá hafa hagkerfi og samfélög innan samtakanna einfaldlega ekki efni á hinum gífurlega efnahagslega og félagslega kostnaði sem slík niðurstaða myndi hafa í för með sér.

© OECD

Þessi útdráttur er ekki opinber OECD þýðing.

Eftirprentun þessa útdráttar er leyfileg, að því tilskildu að getið sé höfundarréttar OECD og titils upprunalegu útgáfunnar.

Fjöltýngdir útdrættir eru þýdd ágríp af útgáfum OECD sem upphaflega voru gefnar út á ensku og frönsku.

Þeir eru fáanlegir án endurgjalds í netbókaverslun OECD www.oecd.org/bookshop

Hafið samband við Réttinda- og þýðingareiningu OECD, framkvæmdanefnd fjölmiðlunar og almannamálefna ef frekari upplýsinga er þörf hjá: rights@oecd.org eða með faxi: +33 (0)1 45 24 99 30.

OECD Rights and Translation unit (PAC)
2 rue André-Pascal, 75116
Paris, France

Heimsækið vefsíðu okkar www.oecd.org/rights

